

Brúðkaupsveislur – Árshátíðir á Múlabergi

Algengar spurningar



Múlaberg hefur löngum verið þekkt fyrir glæsilegar veislur, fyrsta flokks veitingar og faglega þjónustu. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð og náin samskipti við viðskiptavini og gesti. Við erum stolt af því að geta boðið upp á fjölbreyttar lausnir til að þjónusta þinn viðburð hjá okkur í veislusölunum okkar eða út úr húsi.

Veislusalirnir okkar

Salirnir okkar - Vaðlaberg, Stuðlaberg og Hlíðaberg, bjóða upp á gott aðgengi. Auðveldlega má opna á milli, nýta salina í sitthvoru lagi, tvo saman eða alla þrjá saman í einn stóran sal (sem er þá L-laga). Salirnir eru hver um sig 60-110 fermetrar = samsettir 230 fermetrar.

Þegar um árshátíðir er brúðkaup er að ræða þá eru salirnir yfirleitt notaðir allir saman.

Hámarksfjöldi í salnum er sem hér segir: Langborð + svið + myndakassi = 180 manns | Langborð + svið + myndakassi + gestabók/gjafaborð = 145 manns | Langborð + svið + myndakassi + hlaðborð + gestabók/gjafaborð = 125 manns

Skjávarpar

Í salnum eru skjávarpar og ráðstefnutölvur frá okkur sem hægt er að tengja við. Skjávarpana er hægt að tengja saman og spila sömu mynd á þeim öllum. Þegar salurinn er samsettur þá er hægt að nota tvo skjávarpa svo að allir sjá á skjánna.

Hljóðkerfi

Innbyggða hljóðkerfið í salnum er frábært til að spila tónlist af spotify, spila myndbönd á skjávörpum og flytja ræður/veislustjórn, en tveir þráðlausir hljóðnemar eru beintengdir í kerfið.

Fjöldmargir hátalarar eru í loftinu á salnum á víð og dreif svo hljóð berst jafnt og vel til allra gesta. Hægt er að tengja 1 stk. hljóðfæri við kerfið (t.d. píanó eða gítar) sem hentar vel fyrir lágstemmda tónlist, s.s. dinnertónlist eða rólegan trúbador/skemmtiatriði.

Fyrir mikið stuð og stemmningu ss. DJ, Hljómsveit, Trúbador-samsöng o.s.fv. þá þarf hljóðkerfi í því. Hægt er að leigja slíkt hjá okkur en það kostar 30.000 kr. Oft er það samt líka þannig að tónlistarmenn/skemmtikraftar eiga sitt eigið hljóðkerfi og koma með með sér.

Matseðlar – úrval

Ýmsir valmöguleikar þegar kemur að matseðli en vinsælast hefur verið að bjóða upp á eftirfarandi:

- 2ja rétta borið til borðs
- 2ja rétta borið til borðs + eftirréttur á hlaðborð (kökur og kaffi)
- 3ja rétta borið til borðs
- 3ja rétta borið til borðs (forréttur er blanda af smáréttum sem kemur á borðið til að deila)
- Fordrykkur + snittur og síðan 2ja rétta borið til borðs
- Fordrykkur + snittur, aðalréttur borinn til borðs, eftirréttur á hlaðborði (kökur og kaffi)
- Forréttasmakk borið til borðs, aðalréttur & eftirréttur á hlaðborði

Verðbil: Verð er mismunandi eftir því hversu marga rétti er boðið upp og hvað er valið en er á bilinu 8.990-12.490 árið 2025.

Drykkir

Þegar veislur eru haldnar í salnum hjá okkur þá er ekki boðið upp á að koma með drykki sjálfur. Við gefum gestum heildartilboð í drykki á betri kjörum.

Borðin í salnum

Við sjáum um að dúka borðin með hvítum dúkum, hvítum servíettum (í fallegum servíettubrotum) og getum einnig boðið upp á hvít sæta-cover fyrir stólana til að gera salinn fallegri í heildina.

Afhending á salnum

Fer eftir bókunarstöðu hvenær er hægt að komast að í salinn.

Sé óskað eftir því að skreyta salinn er hægt að afhenda starfsfólki skreytingar á borðin. Sé um stærri skreytingar að ræða: blöðrur, veggskreytingar o.sfv. er það á ábyrgð þess sem heldur veisluna eða skreytingarþjónustu.

Confetti, glimmer eða annarskonar smáskraut er ekki leyft í salnum nema gegn auka þrifagjaldi.

Algengar spurningar

- Megum við koma með okkar eigin kökur? Já, það er minnsta málið

- Er tæknimaður innifalinn í verð og er þörf á tæknimanni? Starfsfólk okkar er reynslumikið og vel kunnugt kerfinu okkar. Það getur stillt upp og gert klárt fyrir kvöldið og séð um flest einfaldari atriði eins og hljóðnema, skjávarpa, tónlist og slíkt. Ef um flóknari skemmtidagskrá er að ræða (mörg skemmtiatriði/listamenn) þá er betra að hafa tæknimann svo allt gangi hnökralaust fyrir sig. Við getum útvegað tæknimann á okkar vegum skv. samkomulagi.

- Hvernig er með skreytingar þegar salurinn er aðeins afhentur samdægurs? Til að viðburðarhaldarar eða brúðhjón geti notið dagsins en stefnt er að því að hafa mikið af skreytingum mælum við sérstaklega með skreytingarþjónustu. Viðburðarstofa Norðurlands hefur tekið að sér marga viðburði hjá okkur og gengið svakalega vel. Aðrir hafa fengið vini/vandamenn/kunningja til að sjá um skreytingar og eru þau velkomin til okkar frá 11:30 samdægurs til að hefja skreytingar.

Hvað má vera lengi í salnum? Veislu þarf að ljúka kl. 01:00 og allir gestir að vera farnir út eigi síðar en 01:30.

Hvernig er með dansgólf? Það fer eftir fjölda gesta í salnum hvort að við getum gert ráð fyrir dansgólfi í uppsetningunni eða hvort að við búum til að dansgólf þegar líður á kvöldið og fjörið byrjar (með því að fjarlægja borðin sem eru næst sviðinu).

